

Sorpurðun Vesturlands hf
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Reykjavík, 5. september 2019
UST201901-210/S.M.
08.14.02

Reglubundið fyrra eftirlit með urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands

Þann 26. júní sl. fór fram reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldri frávik og verða úrbætur teknar út í seinna eftirliti ársins.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn sem er umfram heimild í starfsleyfi.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Sigvatn sem rennur í útrásarskurð skal hreinsað með fullnægjandi hætti, skurðurinn telst ekki sem þynningarsvæði og því má ekki gæta þar mengunar frá urðunarstaðnum. Niðurstöður mælinga á samsetningu sigvatns sýna að mengun er að berast í skurðinn.
3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningum vegna tl. 3., 5. og 9.-11. hefur ekki verið skilað.
4. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Fyrir útrásarskurð gilda umhverfismörk í B-lið fylgiskjals 1 með rg. 789/1999 um fráveitur og skólp sem og að gildi mega ekki falla um flokk miðað við fylgiskjal með rg. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Gildi á ammoníum og svifögnum samræmist ekki rg. 798/1999 og gildi á kopar og köfnunarefni falla um flokka miðað við rg. 796/1999.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. september, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Halla Einarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



Dags eftirlits	26.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Gíslason	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram fjögur frávik er varða umfang starfseminnar, hreinsun sigvatns, skráningar og losunar- og umhverfismörk. Tvö eldri frávik eru enn opin er varða yfirfallsvatn við hreinsivirki og veiðarfæraúrgang. Einnig eru opin þrjú frávik úr fyrirvaralausum eftirliti sem farið var í maí s.l. Ein ábending var gerð er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi á skrifstofu Sorpurðunar Vesturlands í Borgarnesi. Viðstaddir voru Hrefna B. Jónsdóttir og Stefán Gíslason fyrir hönd Sorpurðunar Vesturlands, Helgi Helgason og Kristín S. Sigurðardóttir frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Sigríður Magnúsdóttir og Halla Einarsdóttir frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar (gr. 5.1)
3. Tilkynnningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.6)
4. Tryggingar (gr. 2.11)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um svæðið

Umfang starfseminnar

Farið var yfir umfang starfseminnar, en í Fíflholtum er heimilt að urða 15.000 tonn af úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn af úrgangi sem er umfram heimild. Fram kom á fundinum að rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi þar sem umfangið verður stækkað í 25.000 tonn.

Skráningar

Upplýsingar um allan úrgang sem tekið var á móti 2018 bárust með grænu bókhaldi í apríl. Fram kom á fundinum að sigmælingar væru hafnar í Fíflholtum og hefur rekstraraðili sent hnit mælipunkta ásamt korti til stofnunarinnar. Umhverfisskýrsla var afhent á samráðsfundi í febrúar s.l.

Samkvæmt mæliáætlun í gr. 5.2 í starfsleyfi á að mæla samsetningu sigvatns ofan og neðan hreinsivirkis við rein 4 og er það gert til að meta virkni hreinsivirkisins. Niðurstöður mælinga á samsetningu sigvatns neðan hreinsivirkis sýna að hreinsun á sigvatni er ekki fullnægjandi.

Í útrásarskurði gilda umhverfismörk B-liðs fylgiskjals 1 með rg. 798/1999 um frárennsli og skólþ sem og að vatn má ekki falla niður um flokk við innrennsli sigvatns. Gildi á ammoníum (NH₄⁺) og svifögnum samræmist ekki reglugerðinni. Gildi á kopar fellur um flokk og gildi á kofnunarefni er stærðargráðu hærri en það viðmið sem gefið er fyrir V. flokk sbr. C-lið fylgiskjals með rg. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Niðurstöður fyrir grunnvatn gefa til kynna að mengun berist ekki í grunnvatn frá urðunarstaðnum.

Á fundinum var einnig rætt um þær skráningar sem upp á vantar, sbr. tl. 3., 5. og 8.-11. í gr. 5.1 í starfsleyfi er varða m.a. stöðuna á urðunarstaðnum, mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim og veðurfarsmælingar. Í skýrslu frá rekstraraðila sbr. gr. 5.4 skulu koma fram allar skráningar sem taldar eru upp í gr. 5.1.

Rætt var um tryggingar og er rekstraraðili með þær tryggingar sem krafist er skv. starfsleyfi.

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu og opin frávik. Við síðasta eftirlit kom fram eitt frávik er varðar samráðsfund og var sá fundur haldinn í febrúar 2019.

Í fyrra eftirliti 2018 kom í ljós frávik frá gr. 3.3 í starfsleyfi þar sem sigvatn rann á yfirfalli, en sigvatn skal leiða í

gegnum hreinsivirki og hreinsað með fullnægjandi hætti. Rekstraraðili mótmælti frávikinunni á þeim forsendum að skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp mætti ofanvatn renna á yfirfalli allt að 5% af tímanum. Í svari Umhverfisstofnunar kom fram að stofnunin teldi að vatn sem rynni á yfirfalli hefði ekki hlotið fullnægjandi hreinsun og farið var fram á að rekstraraðili vakti hvenær vatn væri á yfirfalli og gerði mælingar á samsetningu yfirfallsvatns við fyrsta tækifæri. Niðurstöður mælinga og vöktunar bárust í kjölfar samráðsfundar í febrúar s.l. og í eftirliti nú. Mælingar á samsetningu yfirfallsvatns sýna að gildi einstakra mælipátta eru mun hærra en til að mynda viðmiðanir í fylgiskjali með rg. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, gildin eru þó lægri en í því sigvatni sem rennur um hreinsivirki. Niðurstöður vöktunar á því hvenær vatn er á yfirfalli sýna að fyrri hluta árs 2019 hefur vatn verið á yfirfalli 19% af tímanum. Frávikið er því enn opið.

Einnig var rætt um veiðarfæraúrgang, en í Fíflholtum hefur verið haugur af veiðarfærum sem var fyrst skráð sem frávik í fyrra eftirliti 2016. Að sögn rekstraraðila eru veiðarfærin tæk til endurvinnslu en erfiðlega gengur að koma þeim til viðeigandi aðila. Rekstraraðili sendi erindi til Úrvinnslusjóðs vegna málsins sem vísaði á Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), en samningur er í gildi milli Úrvinnslusjóðs og SFS um að SFS sjái um endurvinnslu veiðarfæra gegn niðurfelingu úrvinnslugjalds. Ekki hefur verið leyst úr málinu og frávikið því enn opið.

Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Eftirlitsaðili lagði fram nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa, þ.m.t. vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda. Rekstraraðila er bent á að endurskoða viðbragðsáætlanir sínar til samræmingar við leiðbeiningarnar, ef þörf er á.

Áhættumat

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið mat á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðila í eftirlitinu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit, en hvort tveggja má nálgast á heimsíðu Umhverfisstofnunar.

Skoðunarferð

Að loknum fundi í Borgarnesi var haldið í Fíflholt þar sem urðunarstaðurinn var skoðaður. Verið er að reisa fokvarnagirðingu við rein 4 og var starfsmaður að störfum við að tina upp þau úrgangsefni sem fokið höfðu út fyrir reinina. Hluti hauga með timbri sem notað er í þekjulag var nokkuð blandaður plasti. Að öðru leyti var urðunarstaðurinn snyrtilegur, vinnslusvæði í hæfilegri stærð og verið er að vinna að fokvörnum og tiltekt á svæðinu.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi

Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn sem er umfram heimild í starfsleyfi.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Sigvatn sem rennur í útrásarskurð skal hreinsað með fullnægjandi hætti, skurðurinn telst ekki sem þynningarsvæði og því má ekki gæta þar mengunar frá urðunarstaðnum. Niðurstöður mælinga og samsetningu sigvatns sýna að mengun er að berast í skurðinn.

gr. 5.1 í starfsleyfi

Skráningum vegna tl. 3., 5. og 9.-11. hefur ekki verið skilað.

gr. 5.3 í starfsleyfi

Fyrir útrásarskurð gilda umhverfismörk í B-lið fylgiskjals 1 með rg. 798/1999 um fráveitur og skólp sem og að gildi mega ekki falla um flokk miðað við fylgiskjal með rg. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Gildi á ammóníum og svífögnum samræmist ekki rg. 798/1999 og gildi á kopar og köfnunarefni falla um flokk miðað við rg. 796/1999.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun með hliðsjón af leiðbeiningum vegna tilkynninga um mengunaróhöpp, ef þörf er á.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.09.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir